

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 9. september 2021 í máli nr. 18/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 23. febrúar 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við sveitarfélagið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi hækkað umsamda greiðslu fyrir geymslu á hjólhýsi án þess að veita upplýsingar um það. Krefst sóknaraðili þess að hækkun leiguverðsins verði minni en varnaraðili hefur krafist. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 3. mars 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 12. mars 2021. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, afrit af reikningum vegna þjónustunnar árin 2019 til 2020 og árin 2020 til 2021.

Með bréfi, dags. 21. maí 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum málsins kemur fram að sóknaraðili og varnaraðili sömdu um geymslu varnaraðila á hjólhýsi í eigu sóknaraðila frá haustinu árið 2019 til vorsins árið 2020. Greiddi sóknaraðili 8.000 krónur fyrir leiguna þann 31. janúar árið 2020. Sóknaraðili fór aftur með hjólhýsið til geymslu hjá varnaraðila haustið 2020 og hugðist geyma hjólhýsið þar yfir vetrarmánuðina, þar til um vorið 2021. Varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 36.000 krónur fyrir leiguna samkvæmt útgefnum reikningi, dags. 31. desember 2020. Sóknaraðili telur að um óeðlilega hækkun hafi verið að ræða og krefst þess að varnaraðila verði gert að lækka greiðslukröfu sína þannig að sóknaraðila verði gert að greiða 16.000 krónur fyrir geymsluna. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að um geymslu á sama hjólhýsi sé að ræða yfir sama tímabil, frá fyrsta vetrardegi til fyrsta sumardags. Leiguverðið hafi hins vegar hækkað um 28.000 krónur milli ára án þess að sóknaraðili hafi verið látinn vita af hækkuninni. Kveðst sóknaraðili ekki hafa vitað af hækkuninni fyrr en honum barst reikningur frá varnaraðila að fjárhæð 36.000 krónur. Hafði sóknaraðili þá samband við sveitarstjóra varnaraðila og bauðst til þess að greiða 16.000 krónur fyrir leiguna en þeirri tillögu var hafnað. Sóknaraðili telur óeðlilegt að leiguverð hækki um nær 400% milli ára.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili bendir í andsvörum sínum á að gjaldskrá fyrir leigu á geymsluplássi haf verið samþykkt þann 30. október árið 2019 og tekið gildi 1. september 2020. Þegar ákvörðun hafi verið tekin um hækkunina hafi gjaldskráin verið birt á heimasíðu varnaraðila. Hið leigða pláss hafi verið leigt yfir veturinn í kjölfar munnlegs samnings. Er bent á að uppsagnarfræstur ótímabundins leigusamnings vegna leigu á geymsluskúrum og sambærilegs húsnæðis sé einn mánuður. Telur varnaraðili eðlilegt að sveitarstjórn sveitarfélagsins, fyrir hönd varnaraðila, geti ráðið því á hvaða verði húsnæðið er leigt á.

Varnaraðili telur að ekki sé um óeðlilega mikla hækkun að ræða. Hið fyrra gjald hafi ekki staðið undir rekstri fasteignarinnar og umsýslu með því. Gjaldskráin hafi þá verið óbreytt í átta ár. Ásamt breytingu á gjaldinu var að sögn varnaraðila einnig gerð sú breyting að krafist er greiðslu útfrá því plássi sem viðkomandi ökutæki eða vagn tekur. Áður hafi verið krafist greiðslu án tillits til stærðar. Varnaraðili segir að umsjónarmaður fasteignarinnar hafi tjáð sóknaraðila munnlega, haustið árið 2020, að leigugjaldið hefði hækkað. Sóknaraðili hafi hins vegar ekki spurst fyrir um verðið. Í símtali við sóknaraðila hafi sveitastjóri varnaraðila tjáð sóknaraðila að sveitastjóri hefði ekki umboð til að semja um lækkun gjaldskrár sem sveitarstjórn hefði samþykkt. Hafi sóknaraðila hins vegar verið bent á að senda erindið til úrlausnar hjá byggðaráði sveitarfélagsins sem tæki kvörtunina til meðferðar. Bendir varnaraðili á að sóknaraðili greini ranglega frá því í kvörtun að leitað hafi verið úrlausnar í ágreiningnum án árangurs, enda hafi erindi til byggðaráðs ekki borist og þ.a.l. ekki verið tekin afstaða til þess.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu um geymslu varnaraðila á hjólhýsi í eigu sóknaraðila yfir vetrarmánuði árána 2020 til 2021. Árið áður höfðu sóknaraðili og varnaraðili einnig gert sambærilegan samning, um geymslu hjólhýsisins í fasteign varnaraðila gegn endurgjaldi, frá haustmánuðum ársins 2019 til vorsins árið 2020. Sóknaraðili er einstaklingur og varnaraðili er sveitarfélag.

Lög nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, sbr. 2. tölul. 1. mgr. ákvæðisins. Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa hefur, samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laganna, úrskurðarvald í málum vegna ágreinings milli neytanda og seljanda sem rís af sölu- eða þjónustusamningi. Með sölusamningi er átt við samning milli seljanda og neytanda um kaup á vöru gegn endurgjaldi [...] en þjónustusamningur er samningur þar sem seljandi veitir neytanda þjónustu eða skuldbindur sig til þess og neytandinn greiðir eða skuldbindur sig til að greiða verð hennar, sbr. 3. og 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2019. Ágreiningur máls þessa varðar samning milli sóknaraðila og varnaraðila um geymslu á lausafé fyrir neytanda gegn endurgjaldi, þ.e. í atvinnuskyni. Heyrir ágreiningur málsins því undir kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðili hefur bent á að sóknaraðili hafi ekki reynt að leysa málið án árangurs þar sem sóknaraðili hafi ekki leitað úrlausnar byggðaráðs varnaraðila líkt og honum hafi

verið bent á. Samkvæmt a. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 geta viðurkenndir úrskurðaraðilar og kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa vísað málum frá þegar neytandi hefur ekki reynt að leysa málið beint með gagnaðila. Í ummælum í frumvarpi til laganna segir að ákvæðið feli í sér að neytandi þurfi að geta sýnt fram á að hann hafi reynt að hafa samband við seljanda og að seljandi hafi ekki orðið við kröfum hans.

Fyrir liggur að sóknaraðili og sveitastjóri varnaraðila hafa átt í beinum samskiptum þar sem sóknaraðili hefur krafist lækkunar á gjaldinu en varnaraðili hefur ekki orðið við þeirri kröfu. Verður því ekki séð að nefndinni sé fært að vísa kvörtun sóknaraðila frá af þeirri ástæðu einni að sóknaraðili leitaði ekki úrlausnar byggðaráðs í ágreiningnum.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við geymslu á tilteknu hjólhýsi frá haustmánuðum ársins 2020 til vormánaða árið 2021. Ágreiningur málsins heyrir því undir gildissvið þkpl., sbr. 3. tl. 1. gr. laganna. Varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 36.000 krónur fyrir þjónustuna, með reikningi útgefnum þann 31. desember 2020. Sóknaraðili hafði greitt 8.000 krónur fyrir sömu þjónustu árið áður. Telur sóknaraðili að um óeðlilega hækkun sé að ræða. Þá sé hækkunin óréttmæt þar sem sóknaraðila hafi ekki verið greint frá hækkuninni fyrr en með útgáfu reikningsins. Varnaraðili segir að sóknaraðila hafi verið greint frá hækkuninni munnlega. Krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að lækka greiðslukröfu sína. Í samskiptum sínum við varnaraðila hefur sóknaraðili boðist til að greiða varnaraðila 16.000 krónur fyrir þjónustuna og verður krafa sóknaraðila miðuð við þá fjárhæð.

Málsaðilar gerðu ekki skriflegan samning um geymslu varnaraðila á hjólhýsinu. Þá liggur ekkert fyrir sem staðreynt að málsaðilar hafi rætt um fjárhæð gjaldsins við upphaf þjónustunnar. Ákvæði 28. gr. þkpl. fjallar um verðlagningu í þjónustukaupum þegar aðilar hafa ekki samið um verð. Ákvæðið er svohljóðandi:

„28. gr.

Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.“

Í ákvæðinu felst samkvæmt athugasemdum í frumvarpi til þkpl. að ef aðilar hafa ekki samið um verð skuli greiða það verð sem telja má sanngjarnt. Við mat á því hvort tímafjöldi og annar kostnaður sé hæfilegur ber að miða við það sem yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að umkrafið leigugjald varnaraðila sé hærra en eðlilegt geti talist með hliðsjón af kostnaði varnaraðila við að veita þjónustuna. Þá liggur ekkert fyrir sem sýnir fram á að umkrafið gjald varnaraðila sé hærra en almennt tíðkast fyrir slíka þjónustu, sbr. 28. gr. þkpl.

Er kærunefndinni því ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila.

V
Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson